



Nokkrir punktar úr stefnu Framsóknarflokksins varðandi tónlistarlíf í landinu. Þessi efnisatriði koma fram í ályktunum flokksþinga 2005 og 2007, stefnuskrá flokksins við síðustu sveitarstjórnarkosningar og fleiri stefnumótunarskjölum sem unnin hafa verið og samþykkt innan flokksins.

Framsóknarflokkurinn vill að íslenskur tónlistariðnaður fái sérstakan stuðning til útrásar með auknum rannsóknum, skattaívilnunum og auknu opinberu fjármagni með svipuðum hætti og gert var í kvikmyndaiðnaði. Tónlistariðnaður á að flokkast með öðrum þekkingariðnaði í landinu. Þetta hefur þegar verið gert að hluta með stofnun Tónlistarsjóðs árið 2004 og Útflutningsmiðstöðvar íslenskrar tónlistar sem hefur stóraukið stuðning við íslenskt tónlistarlíf og útrás íslenskrar tónlistar. Þetta var gert í samræmi við tillögur Framsóknarflokksins sem lagðar voru fram í kosningunum 2003. Þá var virðisaukaskattur af geisladiskum lækkaður úr 24,5% í 7% í vetur sem verður vonandi hvatning til aukinnar sölu.

Við teljum tónlistarnám eðlilegan hluta af uppeldi og viljum vinna að því markmiði að allir geti stundað slíkt nám óháð efnahag.

Við teljum að tónlistarnám á framhaldsskólastigi eigi að verða viðurkennt af ríkinu á sama grundvelli og annað framhaldsskólanám og þ.a.l. að greiðast af ríkinu eins og annað framhaldsnám.

Við teljum að forskóla, sem er fyrsta stig tónlistarmenntunar í almennum tónlistarskólum, eigi að færa inn í alla grunnskóla.

Ríkisstjórnin hefur samið um byggingu tónlistarhúss í Reykjavík. Það mun skapa fyrsta flokks aðstöðu fyrir sívaxandi tónlistarlíf í landinu og til að mæta auknum áhuga almennings á tónlist. Ennfremur til að hýsa ráðstefnuaðstöðu á heimsmælikvarða. Húsið verður fyrsta sérhannaða tónlistar- og ráðstefnuhúsið af þessari stærð hér á landi. Jafnframt hefur verið stutt við uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Efla þarf samstarf milli grunnskóla, íþróttafélaga, tónlistarskóla og annarra aðila sem bjóða upp á tólmundastarf í nærumhverfi grunnskólanna. Efla þarf tækifæri starfsfólks tónlistarskóla til að stunda sí- og endurmenntun.

Við viljum breyta hluta námslána í styrk til þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma.

Nánari upplýsingar um flokkinn og stefnu hans á www.framsokn.is